

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 16. nóvember 2020

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2020 - 2021

Körfuknattleiksdeild Breiðabliks

gegn

Körfuknattleikssambandi Íslands

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var mótttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 2. október 2020.

Kærandi er Körfuknattleiksdeild Breiðabliks, Dalsmára 5, 201 Kópavogi.

Kærð er ákvörðun KKÍ þess efnis að breyta úrslitum í leik Breiðabliks og Vals í úrvalsdeild kvenna sem leikinn var þann 23. september 2020 úr 71- 67 fyrir Breiðablik yfir í 0-20 fyrir Val ásamt því að leggja 250.000 kr. sekt á körfuknattleiksdeild Breiðabliks.

Kærði er KKÍ, kt. 710169-1369, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Kærða var veittur frestur til að skila greinargerð í málinu með vísan til ákvæðis 4. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál sem barst nefndinni þann 9. október 2020. Körfuknattleiksdeild Vals var boðið að veita umsögn sem barst nefndinni þann 9. október 2020.

II.

Dómkröfur

Kærandi krefst þess að felldur verði úr gildi úrskurður KKÍ um að breyta úrslitum í leik meistaraflokks kvenna, sem fram fór 23. september 2020, milli Breiðabliks og Vals, úr 71-67 fyrir Breiðablik í 0-20 fyrir Val og leggja sekt á Breiðablik sem nemur 250.000 krónum.

Kærði krefst þess að kröfu kæranda verði hafnað.

III.

Atvik máls

Þann 23. september 2020 fór fram leikur í meistaraflokki kvenna, efstu deild, milli Breiðabliks og Vals. Leikurinn fór 71-67 fyrir Breiðablik. KKÍ fékk ábendingu um að leikmaðurinn, Fanney Lind Thomas hefði tekið þátt í leiknum en að hún hefði átt að vera í leikbanni. KKÍ tók í kjölfarið þá ákvörðun að breyta úrslitum leiksins í 0-20 sigur fyrir Val og leggja 250.000 króna sekt á Breiðablik. Breiðablik kærði ákvörðun KKÍ til aga- og úrskurðarnefndar KKÍ með ódagsettri kæru sem barst nefndinni þann 2. október 2020. Kærða var boðið að skila greinargerð sem barst nefndinni þann 9. október 2020 og körfuknattleiksdeild Vals var boðið að skila inn umsögn sem barst þann 9. október 2020.

IIII.

Röksemdir kæranda

Kærandi byggir mál sitt á því að niðurstaða KKÍ byggi á misskilningi ellegar rangri túlkun eigin regluverks.

Kærandi byggir í fyrsta lagi á að þegar leikmaðurinn var úrskurðaður í eins leiks bann þá lá fyrir að a.m.k. þrír leikir yrðu spilaðir áður en deildarkeppni lyki. Í 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál segir að ef leikmaður eigi eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skuli það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Þar segir og að ef leikur frestist skulu afplánun frestast uns leikur fer fram. Þegar um tímabundið bann er að ræða þá hefur breyting á leikjaplani ekki áhrif á afplánun.

Breiðablik leggur áherslu á að í þeim fordæmalausum aðstæðum sem sköpuðust á síðasta keppnistímabili var leikjum ekki frestað og keppnistímabilinu lauk ekki í neinum skilningi. Þvert á móti var keppnistímabilinu aflýst áður en deildarkeppni lauk þannig að engin úrslitakeppni fór fram og ekkert lið var krýnt Íslandsmeistari.

Í þessu sambandi áréttar kærandi að þegar Fanneyju var birtur úrskurður um leikbann að þá er ljóst í hvaða leik hún hefði átt að taka það leikbann út. Sá leikur fór aldrei fram vegna þess að keppnistímabilinu var aflýst og mun sá leikur aldrei fara fram.

Kærandi fær ekki séð að rök standi til annars en að þegar svona ber undir skuli líta svo á að afplánun sé lokið. Leikmaðurinn hafði enda undir öllum eðlilegum kringumstæðum tekið út bann sitt löngu áður en til hins umþrætta leiks kom, en þrír leikir voru enn óleiknir í deildarkeppninni á síðasta keppnistímabili. Í þessu sambandi er vert að benda á að í tilviki tímabundins banns, sem alla jafna er meira íþyngjandi, hefur breyting á leikjaplani ekki áhrif á afplánun. Vandséð er að leikmanninum verði lagðar þyngri byrðar, en 6 mánaða bann í fyrirbyggjandi máli, sem er algerlega fordæmalaust og hefur ekkert fordæmisgildi vegna annarra mála.

Í annan stað byggir kærandi á því að leikbannið sem leikmaðurinn hlaut og tók gildi 12. mars 2020 byggir á 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, n.t.t. a lið greinarinnar. Í kjölfar o-liðar í 13. gr. segir að viðurlög í agamálum skuli afplána í leikjum á mótum KKÍ, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Þó er áréttað að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilit að fresta gildistöku agabanns, sem til er komið vegna æfingaleiks, þannig að viðurlög séu tekin út í hefðbundnum leikjum í mótum KKÍ.

Framangreind tilvísun 13. gr. til þess að agaviðurlög skuli tekin út í leikjum á mótum KKÍ vísar sérstaklega til 1. mgr. 6. gr. Í því ákvæði er um þetta vísað til leikja í mótum á vegum KKÍ og leikja sem dómarnefnd raðar dómurum á að beiðni félaga. Óumdeilt ætti að vera að dómurum var raðað á æfingaleik þann sem fram fór þann 9. september sl. (birtur á síðu KKÍ sem leikur nr. 5296673) milli sömu liða og öttu kappi 23. september sl. Sá leikur var þannig skráður inn í mótakerfi KKÍ og spilaður með dómurum KKÍ og uppfyllir þau skilyrði sem vísað er til í 1. mgr. 6. gr. Leikmaðurinn lék þann leik ekki. Reglugerðinni samkvæmt tók því leikmaðurinn bann sitt út í þeim leik og Breiðablik rétt að líta svo á. Gagnstæður skilningur og niðurstaða KKÍ leiðir til þess að leikmanninum er gert að taka út tveggja leikja bann, en engar heimildir standa til slíkra viðurlaga eins og stendur á.

Kærandi bendir á að framangreindur skilningur fái frekari stoð í því að brot í æfingaleik sem dómurum er raðað á að beiðni félaga, hefur sömu áhrif og ekki væru um æfingaleik að ræða. Vandséð er því, með hliðsjón af þessu og afdráttarlausu ákvæði 1. mgr. 6. gr., að leikbann sé ekki unnt að taka út í æfingaleik, allra síst þegar aðstaðan er sú að um er að ræða leik sem sömu lið hafa ákveðið að spila.

Þá bendir kærandi á, í tengslum við framangreint, að það sér klárlega til staðar vafi um það hvernig beri að skýra framangreinda lagagrein við þær aðstæður sem uppi voru og eru enn. Má þá vera ljóst að það er meginregla í agaviðurlagakerfum að slíkan vafa ber að skýra hinum kærða í hag.

Í þriðja lagi byggir kærandi á að kæranda var aldrei tilkynnt um að umrætt bann myndi, eftir að keppnistímabilinu var aflýst með fordæmalausum hætti, færast yfir á næsta tímabil. Telur kærandi að þar sem leikbann Fanneyjar var komið á fastan leik sem ekki fór fram, hafi nauðsynlega þurft að koma sérstök tilkynning frá KKÍ ef færa ætti bannið yfir á næsta tímabil.

Engin slík tilkynning barst frá skrifstofu KKÍ eins og gera verður kröfu um og þar fyrir utan var full ástæða til þess almennt séð, m.t.t. aðstæðna allra.

Kærandi telur rétt að áréttu að sérsambönd líkt og KKÍ og HSÍ hafa þann háttinn á í upphafi hvers tímabils að áréttu stöðu leikbanna í upphafi hvers keppnistímabils og ef einhvern tímanna var tilefni fyrir KKÍ að gæta að slíkri eftirlits- og umsjónarskyldu þá var það í upphafi nýhafins keppnistímabils.

Það var aftur á móti ekki gert og verður að teljast ábyrgðarhlutur enda tilviljun ein sem ráði því að ekki hafi orðið fullkomin endurnýjun í forystu kkd. Breiðabliks.

Í ljósi þess sem að framan greinir hafði kærandi réttmætar væntingar til þess að líta svo á að eftir að síðasta tímabili var aflýst hafi bannið verið úr sögunni og í öllu fallið hafði afplánun lokið með því að leikmaðurinn spilaði ekki gegn Val 9. september sl.

Að lokum byggir kærandi á því að með vísan til alls framangreinds hafi leikmaður Breiðabliks verið löglegur því hafi voru ekki skilyrði til að dæma VAL sigur og leggja sekt á Breiðablik. Eru því ekki efni til annars en að fella úr gildi úrskurð KKÍ þannig að úrslit leiksins standi og fjársekt falli niður.

Verði ekki fallist á kröfur kæranda í öllu gerir kærandi þá kröfu að sekt á hendur félaginu verði felld niður, enda ljóst, með vísan til þess að framan greinir, að hvorki leikmanni né stjórn félagsins mátti vera ljóst að litið yrði svo á að leikmaðurinn væri ólöglegur þegar Breiðablik og Valur öttu kappi þann 23. september sl. Vandséð er að heimildir og vilji standi til þess að gera efnalitlum aðildarfélögum KKÍ, eftir hrakfarir síðasta tímabils, að greiða jafn háa sekt og raun ber vitni þegar enginn ásetningur stendur til brots.

Þrátt fyrir að skýr lagarök hnígi að því að fallast eigi á kröfu kæranda samkvæmt framansögðu þá er einnig ljóst að vegna þessa aðstæðna og afleiðinga sem hafa skapast vegna heimsfaraldursins að það er ekki nokkur hætta á því að úrskurður nefndarinnar gefi einhver óheppileg fordæmi eða fari gegn fyrri fordæmum. KKÍ tók nýjar, en nauðsynlegar, ákvarðanir án nokkurra heimilda í lögum eða reglum sambandsins þar sem lið gengu og gengu ekki milli deilda. Að framfylgja því leikbanni sem leikmaður okkar átti undir öllum venjulegum kringumstæðum að taka út og afplána án tillits til þessa stríðir einfaldlega gegn heilbrigðri skynsemi. Eitthvað meira hefði þurft að koma til, eins og t.d. formlegar, beinar skýrar athafnir KKÍ varðandi bannið.

V.

Roksemdir kærða

Fanney Lind Thomas var dæmd í eins leiks bann af aga- og úrskurðarnefnd KKÍ miðvikudaginn 11. mars 2020 og var tölvupóstur sendur þar um sama dag til forsvarsmanna Breiðabliks en bannið tók gildi á hádegi 12. mars 2020. Eins og þekkt er þá var keppnistímabilinu frestað 14. mars og aflýst stuttu seinna, en þannig lauk keppnistímabilinu 2019-2020 með formlegum hætti. Fanney Lind Thomas var því ekki búin að taka út sitt leikbann á keppnistímabilinu 2019-2020. Í 13. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd segir: „Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns“.

Samkvæmt leikskýrslu leiks Breiðabliks og Vals frá 1. umferð Domino's deildar kvenna 23. september 2020 var Fanney Lind Thomas á leikskýrslu og samkvæmt tölfræði leiksins og leikskýrslu leiksins lék Fanney Lind í leiknum. Það verður ekki betur séð en að Fanney hafi verið ólögleg og hafi ekki mátt leika þennan leik.

Er því vísað í 10. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, en þar segir: „*Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni.*“.

Enn fremur segir í 8. grein sömu reglugerðar: „*Ef notaður er ólöglegur leikmaður í tveimur efstu deildum karla og kvenna, bikarkeppni meistaraflokka og meistarakeppni á vegum KKÍ er sektin 250.000 kr*“. Jafnframt segir í lok 8. greinar reglugerðarinnar, „*KKÍ getur beitt sektarákvæðum og breytt úrslitum leikja þegar upp kemst um ólöglega leikmenn, en þó innan yfirstandandi keppnistímabils.*“.

Hlutgengi leikmanna er ein grunnstoð mótahalds hvaða sérsambands sem er. Ekki er betur séð en að Fanney Lind Thomas hafi ekki verið hlutgeng í leik Breiðabliks og Vals í 1. umferð Domino's deildar kvenna þann 23. september 2020, og því tilkynnti skrifstofa KKÍ Breiðablik að úrslitum leiks yrði breytt 20-0 Val í vil, ásamt því sem Breiðablik yrði gert að greiða sekt að upphæð kr. 250.000,- fyrir að nota ólöglegan leikmann í umræddum leik í samræmi við ákvæði reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Mál þetta kemur til kasta skrifstofu KKÍ eftir að ábending barst til skrifstofunnar um að viðkomandi leikmaður hafa spilað umræddan leik Breiðabliks og Vals þann 23. september. Þegar ábending sem þessi berst til skrifstofu KKÍ ber skrifstofu að skoða málið, og vinna það í samræmi við lög og reglugerðir sambandsins.

Bent er á að afgreiðsla KKÍ er í samræmi við lög og reglugerðir KKÍ. Í 12. grein laga KKÍ segir m.a. í 7. lið að starfssvið stjórnar KKÍ sé að líta eftir því að lög og reglur KKÍ séu haldnar. Í reglugerð um körfuknattleiksmót segir; „*Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil*“.

Sú röksemd Breiðabliks að um hafi verið að ræða sex (6) mánaða bann er mótmælt og bendir því til hliðsjónar að það hlé sem leið frá síðasta leik keppnistímabilsins 2019-2020 og fram að fyrsta opinbera leik keppnistímabilsins 2020-2021 hafi verið svipað og almennt er milli tímabila hjá þeim liðum er komast ekki í úrslitakeppni.

Það hefur ekki verið vinnuregla skrifstofu KKÍ að tilkynna liðum í upphafi móta um stöðu einstakra leikmanna og leikbanna sem eftir standa (ef svo ber við) frá fyrra tímabili. Aðildarfélög KKÍ hafa ekki óskað eftir þess háttar verklagi hingað til. Bent er á að leikmenn geta skipt um lið og með þeim fylgja áunnin leikbönn.

Hlutgengi leikmanna er ein grunnstoð mótahalds KKÍ, en það er á ábyrgð félaga að tefla fram löglegu liði hverju sinni. Í því skyni er bent á 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót hvar segir, „*Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því*“. Það er á ábyrgð félagsins að gæta þess að leikmaður uppfylli hlutgengisreglur hverju sinni. KKÍ sér eingöngu til þess, ef til kemur, að benda á ef ekki hefur verið farið eftir settum reglum og afgreiða mál í samræmi við reglugerðir sambandsins, eða eftir atvikum vísa málum til úrskurðar hjá aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.

KKÍ hefur aldrei talið æfingaleiki, sem aðildarfélög KKÍ skipuleggja að eigin frumkvæði, sem opinbera leiki eða mót á vegum sambandsins. Í því skyni er bent á 6. grein reglugerðar um aga og úrskurðarnefnd, en þar segir, "*Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í leikjum í mótum á vegum KKÍ sem og þeim leikjum sem dómaranefnd raðar dómurum á að beiðni félaga enda fjalli FIBA ekki um málið.*" Þarna er skýr greinarmunur gerður á mótahaldi KKÍ og þeim leikjum sem aðildarfélög KKÍ óska eftir dómurum á að beiðni félaga. Í 13. grein sömu reglugerðar segir enn fremur, "*Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum á mótum KKÍ, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessara.*"

Mót KKÍ eru skilgreind í reglugerð um körfuknattleiksmót, en sá leikur sem Breiðablik lék þann 9. september 2020 telst ekki með neinum hætti vera hluti af opinberu móti á vegum KKÍ. Umræddur leikur var skipulagður að öllu leyti af Breiðablik og Val og dómaranefnd útvegaði dómara á leikinn að beiðni félaganna, leikurinn er því ekki hluti af skipulögðu mótahaldi KKÍ. Það skiptir því engu hér þó aðildarfélögin, sem skipulögðu leikinn að eigin frumkvæði, hafi óskað eftir dómurum til að dæma leikinn frá dómaranefnd KKÍ. Þar sem leikurinn er ekki leikur í móti á vegum KKÍ getur umræddur leikmaður, Fanney Lind Thomas, ekki hafa tekið út bannið í þessum æfingaleik.

Það hefur verið og er skilningur KKÍ að ekki sé hægt að taka út leikbann vegna agabrota í æfingaleikjum, hvort sem þessir æfingaleikir eru stakir eða hluti af undirbúningsmótum sem skipulögð eru af aðildarfélögum KKÍ. Ekkert hefur breyst í þeim efnum. Dómaranefnd raðar aðeins dómurum á æfingaleiki að beiðni félaga séu dómamarar tiltækir og ekki bundnir í verkefnum í mótum á vegum KKÍ, þar sem æfingaleikir félaga teljast ekki sem opinberir leikir eða hluti af mótum KKÍ.

Einnig er bent á að umrætt fylgiskjal í kærnu Breiðabliks er ekki leikskýrsla heldur afrit af útprentaðri tölfraeði æfingaleiks Breiðabliks og Vals þann 9. september 2020. KKÍ hefur ekki borist nein

leikskýrsla úr æfingaleik Breiðabliks og Vals þann 9. september 2020 og því er ekki með nokkru móti hægt að ganga úr skugga um hvaða leikmenn léku umræddan leik.

Í ljós röksemdarfærslu Breiðabliks í málinu að æfingaleikur gegn Val þann 09.09.2020 eigi að telja sem leikur í mótahaldi KKÍ má benda á að ef svo væri þyrftu leikmenn að vera löglegir með Breiðablik fyrir alla slíka leiki (erlendir sem íslenskir). Á tölfræðiskýrslu sem Breiðablik sendir inn með máli sínu til stuðnings um að Fanney Lind hafi ekki leikið umræddan leik má sjá nafn JENNY sem vísar væntanlega til leikmannsins Jennýjar Harðardóttur. Hér skal ítrekað að engin leikskýrsla hefur borist, svo engin leið er að ganga úr skugga um hvaða leikmenn léku umræddan æfingaleik. Jenný Harðardóttir var ekki hlutgeng með Breiðablik fyrir en 21.09.20 og hefði því verið ólögleg ef um formlegan leik væri að ræða og myndu þá gilda sektarákvæði þar um að auki.

KKÍ kallar ekki eftir leikskýrslum úr æfingaleikjum, þar sem ekki er farið með þá leiki líkt og formlegt og opinbert mótahald sambandsins.

Skýrt er í 13. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd að viðurlög skal taka út í leikjum í mótum KKÍ. Skýrt er að aðeins þau mót sem tilgreind eru í reglugerð um körfuknattleiksmót og í reglugerð um mótanefnd teljist vera opinber mót á vegum KKÍ og því aðeins þeir leikir sem leiknir eru í þeim mótum geta talist vera leikir í mótum KKÍ.

KKÍ lítur svo á að umræddur leikur Breiðabliks gegn Val í Domino's deild kvenna sé fyrsti og eini opinberi leikur Breiðabliks eftir að leikbann Fanneyjar tók gildi á hádegi 12. mars 2020.

Afgreiðsla KKÍ var því eftirfarandi, „*Breiðablik tapar því leiknum sem leikinn var þann 23.9.2020 gegn Val 20-0 og skal dæma kr. 250.000,- í sekt fyrir að nota Fanneyju Lind Thomas í umræddum leik.*“

Þetta var tilkynnt til forsvarsmanna Breiðabliks og forsvarsmönnum félagsins var leiðbeint með heimildir þeirra til andmæla afgreiðslu þessa máls.

Skrifstofu KKÍ ber að framfylgja þeim reglugerðum sem sambandinu er sett og ber engan hag af málinu á hvorn veginn sem það fer.

Ljóst er að sannarlega var um fordæmalaus tíma að ræða við lok síðasta keppnistímabils þegar tímabilinu lauk snögglega vegna takmarkana yfirvalda og þeirrar ákvörðunar stjórnar KKÍ að ljúka keppni. Bent er á að stjórn KKÍ skar úr um færslu milli deilda og krýndi deildarmeistara, svo öllum hefði mátt vera ljóst að keppnistímabilinu lauk og fleiri leikir yrðu ekki leiknir á keppnistímabilinu 2019-2020. Engu máli skiptir þó aðilar innan hreyfingarinnar hafi verið á öndverðum meiði um ákvörðun KKÍ, en um það verður ekki frekar dæmt hér, heldur eingöngu horft til þess hver venja er í sambandi við æfingaleiki og þegar um leikbönn er að ræða í lok tímabila.

Það er ekki vilji sambandsins að innheimta þá sekt sem kveðið er á um í reglugerð um í 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót, sérstaklega í ljósi aðstæðna í samfélaginu um þessar mundir. Reglugerð um körfuknattleiksmót gefur hins vegar ekkert svigrúm til túlkunar og því var sektin lögð á í samræmi við ákvæði reglugerðar þar um.

VI.

Röksemdir körfuknattleiksdeildar Vals

KKD Vals finnst miður að þurfa að koma með umsögn í þessu leiðinlega máli. Fyrir nokkrum árum síðan var reglugerð KKÍ breytt þannig að félög þyrftu ekki að kæra hvert annað vegna ólöglega leikmanna með tilheyrandi leiðindum og sárindum milli félaga, þar sem slík brot væru í raun einfalt úrvinnslumál fyrir skrifstofu KKÍ. Að því sögðu telur KKD Vals sig þó ekki komast hjá því að veita umsögn.

Fanney Lind Thomas, leikmaður Breiðabliks, var dæmd í eins leiks bann af aga- og úrskurðarnefnd KKÍ 11. mars 2020 og tók bannið gildi á hádegi 12. mars. Fleiri leikir voru ekki spilaðir á keppnistímabilinu 2019-2020 þar sem Íslandsmótinu var aflýst 18. mars áður en Fanney Lind gat tekið út sitt leikbann.

Í 13. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarmál segir „*Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns*“. Í 13. grein segir einnig að „*Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum á mótum KKÍ,...*“

Fyrsti leikur í móti á vegum KKÍ, frá því að Fanney Lind var dæmd í eins leiks bann, var umræddur leikur á móti Val og var það því fyrsta tækifærið fyrir hana til að taka út bannið. Í 10. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót segir „*Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni*“. Í 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót segir „*Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil*“

Þar sem Fanney Lind hafði ekki tekið út leikbannið þegar hún tók þátt í umræddum leik var hún ólögleg í leiknum. Breiðablik telst því hafa tapað leiknum og úrslit skráð 0-20, Val í vil.

Breiðablik sendi inn greinargerð með röksemdum fyrir því af hverju Fanney Lind væri lögleg í leik Breiðabliks og Vals þann 23. september. Hér verður farið yfir þessar röksemdir.

a) Röksemd Breiðabliks: *Ef leik er frestað skuli afplánun frestast uns leikur fer fram. Aðstæður voru fordæmalausar þar sem leikjum var ekki frestað og keppnistímabilinu lauk ekki í neinum skilningi. Þegar Fanneyju Lind var birtur úrskurðurinn var ljóst í hvaða leik hún átti að taka út leikbannið en sá leikur fór aldrei fram þar sem keppnistímabilinu var aflýst og mun sá leikur aldrei fara fram. Breiðablik telur að þegar svona ber undir skuli líta svo á að afplánun sé lokið þar sem undir eðlilegum kringumstæðum hefði hún verið löngu búin að taka út leikbannið. Einnig er nefnt að vandséð sé að á leikmann sé lagt 6 mánaða bann eins og í þessu máli og sé það fordæmalaust.*

Keppnistímabilinu 2019-2020 lauk vissulega með óvæntum hætti, en því lauk þó formlega með tilkynningu KKÍ 18. mars, um niðurstöðu stjórnar KKÍ um að ekki yrði keppt frekar á keppnistímabilinu 2019/2020. Í tilkynningunni kom fram hvaða lið yrðu deildarmeistarar, hvaða lið féllu og hvaða lið færðust upp um deildir. Þrátt fyrir fordæmalausar aðstæður lauk því Íslandmótinu með formlegum hætti.

Hvað varðar að refsing sé sérstaklega íþyngjandi þar sem 6 mánuðir liðu þar til næsta tímabil hófst er það sambærilegur tími og vanalega milli móta hjá þeim félögum sem ekki komast í úrslitakeppni. Það að bíða með að taka út leikbann í 6 mánuði er því ekki óvenjulegt, heldur reglan fyrir þá leikmenn sem ná ekki að taka út leikbann á yfirstandandi tímabili.

Meistaraflokkur kvenna hjá Breiðablik lauk t.d. deildarkeppni árið 2018 þann 24. mars og hóf aftur keppni þann 3. október 2018 eða 193 dögum seinna. Breiðablik lauk svo deildarkeppni 23. mars 2019 og hóf aftur keppni 2. október 2019 eða 193 dögum seinna. Enn lauk deildarkeppni hjá Breiðabliki og nú 11. mars 2019 og keppni hófst á yfirstandandi tímabili með leik Breiðabliks og Vals 23. september 2020 eða 196 dögum eftir að síðasta tímabili lauk. Af þessu má sjá að tíminn milli tímabila er ekki óvenju langur heldur í raun sami og venjulega og því ekki íþyngjandi á nokkurn hátt fyrir leikmanninn umfram það sem venjulegt er.

Reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál gerir ráð fyrir því að leikmaður þurfi að bíða milli keppnistímabila eftir því að taka út agaviðurlög því í 13. grein reglugerðarinnar segir „*Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns*“.

b) Röksemd Breiðabliks: *Leikmaðurinn tók út leikbann í æfingaleik 19. september en dómaranefnd raðaði dómurum á þann leik að beiðni Breiðabliks. Þar sem dómaranefnd raðaði dómurum á leikinn og leikurinn var skráður í mótakerfi KKÍ vill Breiðablik meina að æfingaleikurinn hafi verið leikur í móti á vegum KKÍ. Enn fremur fái það stuðning í því að brot í æfingaleik sem dómurum er raðað á hefur sömu áhrif og ef ekki er um æfingaleik að ræða. Fanney Lind tók ekki þátt í leiknum og leit Breiðablik svo á að hún tæki þar með út bannið.*

Æfingaleikur er nákvæmlega það sem felst í orðanna hljóðan, æfing en ekki hluti af skipulögðu móti, stakur leikur en ekki mót. Þetta vita allir þeir sem hafa komið nálægt körfuknattleik enda nota félög æfingaleiki t.d. til þess að reyna nýja leikmenn sem ekki hafa enn fengið félagaskipti. Enginn gerir t.d. ráð fyrir því að reglur um ólöglega leikmenn gildi um slíkt enda væri lítið gagn af æfingaleik ef ekki væri hægt að nota hann til að prófa nýja leikmenn og nýja hluti. Ástæðan fyrir því að brot í æfingaleik getur leitt til þess að leikmaður þurfi að taka út agaviðurlög er til að taka á verulega grófum leik eða uppákomum í æfingaleiknum. Sem betur fer gerist það sjaldan.

Þau rök að Breiðablik hafi lítið svo á að Fanney Lind hafi tekið út bannið í æfingaleik eru ekki í takt við yfirlýsingar þjálfara Breiðabliks í fréttum þegar hann var spurður um úrskurð KKÍ; „*Við höfðum ekki hugmynd um þetta. Það voru allir búnir að gleyma þessu. Þetta var ekki viljandi gert, og við töldum náttúrulega bara að þetta væri fyrnt*“.

Í 13. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarmál segir að „*Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum á mótum KKÍ,...*“. Æfingaleikur er ekki leikur í móti á vegum KKÍ og því er ekki hægt að taka út leikbann í æfingaleik. Ef leikmenn mættu taka út bann í æfingaleikjum þá væri félögum í lófa lagt að setja upp æfingaleik vegna leikbanna og þá kæmi aldrei til að leikmenn færu í bann í raunleikjum, heldur tækju öll bönn út í æfingaleikjum. Það sér hver maður að slíkt gengur ekki upp.

c) Rökfærsla Breiðabliks: *Breiðablik var aldrei tilkynnt um að leikbannið myndi færast yfir á næsta tímabil og þar sem bannið var komið á fastan leik áður en tímabilið var blásið af hefði KKÍ átt að tilkynna Breiðabliki að bannið myndi færast á næsta tímabil.*

Íslandsmótinu lauk með formlegum hætti með tilkynningu KKÍ 18. mars og því ljóst að fleiri leikir yrðu ekki leiknir það keppnistímabil. Reglugerð um aga- og úrskurðarmál er skýr hvað þetta varðar, þ.e. hvað gerist ef að leikmaður nær ekki að taka út agaviðurlög á yfirstandandi tímabili. Í 13. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarmál segir „*Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns*“.

Þó svo að það megi færa rök fyrir því að gott væri að KKÍ áréttaði við leikmenn og félög að þeir eigi eftir að taka út leikbann milli tímabila er reglugerðin skýr, ef leikbann er ekki tekið út er það gert í byrjun næsta keppnistímabils. Það að KKÍ upplýsi ekki leikmenn og félög fellir ekki úrskurð aga- og úrskurðarnefndar um leikbönn úr gildi og því þurfti Fanney Lind að taka út sitt bann í fyrsta leik í Íslandsmóti sem hún gerði ekki. Þá þekkja allir sem koma að körfubolta að auðvelt er að hafa samband við KKÍ til að ræða óvissuatriði og einfaldlega kanna hver staða er á tilteknu máli eða leikbanni.

Að öllu ofansögðu má vera ljóst að niðurstaða KKÍ gat ekki orðið önnur en að breyta úrslitum í leik Breiðabliks og Vals þann 23. september í 0-20 Val í vil. Fanney Lind hafði ekki tekið út sitt bann í leik á móti á vegum KKÍ og var því ólöglegur leikmaður í leiknum.

KKD Vals tekur ekki afstöðu til sektargreiðslu Breiðabliks.

VII.

Forsendur og niðurstaða

Í 7. lið 12. greinar laga KKÍ segir að starfssvið stjórnar KKÍ sé að líta eftir því að lög og reglur KKÍ séu haldnar.

Í 8. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót segir; „Komi í ljós að leikmaður sé ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því. Lið sem teflir fram ólöglegum leikmanni tapar leiknum. Hafi það verið lægra að stigum skulu úrslit standa óbreytt. Sé það hins vegar hærra að stigum skulu úrslit skráð tuttugu - núll (20-0), andstæðingum í vil“.

Í 10. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót, en þar segir: „Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum í samræmi við reglur FIBA hverju sinni.“

Opinber mót KKÍ eru skilgreind í reglugerð um körfuknattleiksmót og reglugerð um mótanefnd.

Í 6. grein reglugerðar um aga og úrskurðarnefnd segir, "Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í leikjum í mótum á vegum KKÍ sem og þeim leikjum sem dómaranefnd raðar dómurum á að beiðni félaga enda fjalli FIBA ekki um málið."

Í 13. grein sömu reglugerðar segir enn fremur, "Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum á mótum KKÍ, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessara."

Þá segir jafnframt í 13. gr. að „Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns.“

Hlutgengi leikmanna er ein grunnstoð mótahalds hvaða sérsambands sem er en það er á ábyrgð félaga að tefla fram löglegu liði hverju sinni. Það er á ábyrgð félagsins að gæta þess að leikmaður uppfylli hlutgengisreglur hverju sinni. KKÍ sér eingöngu til þess, ef til kemur, að benda á ef ekki hefur verið farið eftir settum reglum og afgreiða mál í samræmi við reglugerðir sambandsins, eða eftir atvikum vísa málum til meðferðar hjá aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.

Kærandi hefur haldið því fram að það sé vinnuregla að tilkynna liðum í upphafi móta um stöðu leikmanna og leikbanna sem eftir standa. Því hafnar kærði. Ekki hefur verið sýnt fram á að um vinnureglu sé að ræða auk þess sem kærandi hefur ekki bent á neina reglu þess efnis að KKÍ beri að tilkynna liðum um stöðu leikbanna í upphafi leiktímabils. Aga- og úrskurðarnefnd telur því ósannað að slík vinnuregla sé í gildi.

Kærandi hefur haldið því fram að leikmaðurinn hafi tekið út leikbann sitt í æfingaleik Breiðabliks og Vals þann 9. september 2020. Sá leikur telst ekki með neinum hætti vera hluti af opinberu móti á vegum KKÍ. Umræddur leikur var skipulagður að öllu leyti af Breiðablik og Val og dómaranefnd útvegaði dómara á leikinn að beiðni félaganna, leikurinn er því ekki hluti af skipulögðu mótahaldi KKÍ. Það skiptir því engu hér þó aðildarfélögin, sem skipulögðu leikinn að eigin frumkvæði, hafi óskað eftir dómurum til að dæma leikinn frá dómaranefnd KKÍ. Þar sem leikurinn er ekki leikur í móti á vegum KKÍ getur umræddur leikmaður, Fanney Lind Thomas, ekki hafa tekið út bannið í þessum æfingaleik. Ef leikmenn mættu taka út bann í æfingaleikjum þá væri félögum í lófa lagt að setja upp æfingaleik vegna leikbanna og þá kæmi aldrei til að leikmenn færu í bann í raunleikjum, heldur tækju öll bönn út í æfingaleikjum. Slíkt fyrirkomulag getur ekki gengið upp.

Skýrt er í 13. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd að viðurlög skuli taka út í leikjum í mótum KKÍ. Skýrt er að aðeins þau mót sem tilgreind eru í reglugerð um körfuknattleiksmót og í reglugerð um mótanefnd teljist vera opinber mót á vegum KKÍ og því aðeins þeir leikir sem leiknir eru í þeim mótum geta talist vera leikir í mótum KKÍ.

Líta ber svo á að leikur milli Breiðabliks og Vals í Domino's deild kvenna sé fyrsti opinberi leikur Breiðabliks á vegum KKÍ eftir að leikbann Fanneyjar tók gildi á hádegi þann 12. mars 2020.

Samkvæmt fortakslausu ákvæði 8. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót verður ekki hróflað við ákvörðun stjórnar KKÍ um sektargreiðslu.

Með hliðsjón af framangreindu verður kröfu kæranda hafnað.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfu kæranda er hafnað.

Björgvin Halldór Björnsson
varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.